

STUTTFRÉTTIR...

VERÐBRÉFASJÓÐIR vaxa

Frá því í ársbyrjun hafa verðbréfasjóðir *Landsbréfa hf.* vaxið um hvorki meira né minna en 2 milljarða króna og þar hafa um 4.000 aðilar fjárfest. Ástæðurnar fyrir þessu segja þeir Landsbréfamenn að séu þær helstar að eignasamsetning sjóðanna sé traust sem og að ávöxtunin er góð, í mörgum tilvikum sú besta þegar miðað sé við sambærilega verðbréfasjóði...

Bullandi SAMKEPPNI

Omega Farma heitir nýjasta lyfjafyrirtækið á Íslandi og er það til húsa að Kársnesbraut 108 í Kópavogi. Þar vinna 10 starfsmenn og er *Fríðrik Kristjánsson* framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hann segir í viðtali við *Lyfjatíðindi* að samkeppnin á markaðnum sé hörð, sérstaklega við erlendu fyrirtækin. Fyrirtækið kappkosti að bjóða 20 til 30% lægri verð en á frumlyfjunum, en nú hafi erlendu lyfjafyrirtækin í auknum mæli lækkað verð sinna lyfja. Fríðrik segir það þversögn að á sama tíma og talað sé um að draga úr lyfjakostnaði séu samþykkt lög sem gera munu erlendum lyfjaframleiðendum kleift að halda uppi háum verðum á einkaleyfisvernduðum lyfjum. Hann segir að það yrði íslenskum lyfjaiðnaði lyftistöng ef aðlögunartíminn yrði lengdur í að minnsta kosti 10 ár. Íslenska ríkið myndi spara hundruð milljóna á hverju ári aðlögunartímans, enda séu íslensk lyf yfirleitt ódýrari en samsvarandi erlend lyf...

ÍSLENSKT og gott

Tæknisvið Flugleiða hugsar stórt. Það býr yfir úrvals húsnæði og úrvals mannskap, vel menntuðum flugvirkjum og öðrum sem að tæknimálum flugvéla koma. Nú



hefur tæknisviðið gert tilboð í stórskoðanir á sex Fokker 50 flugvélum írsku flugfélagsins *Air Lingus* og fleiri tilboð erlendis í athugun. Unnið er að 12 þúsund tíma skoðunum á Fokkervélum norska flugfélagsins *Norwegian Air Shuttle*, einni skoðun lokið og tvær eftir. Norðmenn eru afar ánægðir með alla þjónustu Flugleiða. „Þetta er tiltölulega lítil markaður og fljótt að spyrjast út hvernig vinnu og þjónustu menn fá“, segir *Guðmundur Pálsson* framkvæmdastjóri tæknisviðs Flugleiða. Hann segir að öllu skipti að hægt sé að bjóða hagstæð verð og fyrsta flokks þjónustu. Á meðfylgjandi mynd má sjá *Sigurð Helgason*, forstjóra Flugleiða, taka við staðfestingu á viðurkenningu Evrópusambands flugmála-stjórna, sem Flugleiðir fengu fyrir í sumar. Með honum á myndinni er hluti af hinum færnu flugvirkjum félagsins og *Björn Bjarnason* deildarstjóri flugöryggisdeildar íslensku flugumsjónarinnar...

FERÐAHELGIN mikla

Um helgina er um að gera að vanda sig í umferðinni. Spáð er góðu veðri – og þarafleiðandi verður umferðin á vegum landsins með allra mesta móti um verslunarmannahelgina, mestu umferðarhelgi ársins. *Umferðarráð> mun í samstarfi við lögregluna um land allt starfrækja upplýsingamiðstöð á skrifstofu ráðsins alla helgina. Útvarp Umferðarráðs* mun verða með útsendingar á öllum útvarpsstöðvum eftir þörfum. Umferðarráð hvetur öllum til að aka með jöfnum hraða, framúrakstur er klára vitleysa í umferð verslunarmannahelgar. Varúð skal höfð í hávegum næstu daga sem endranær...

Nýr ÚTIBÚSSTJÓRI

Nýr útíbússtjóri hefur verið ráðinn að útíbúi *Íslandsbanka* í Lækjargötu í Reykjavík. Þrjátíu og fjórir umsækjendur voru um stöðuna en fyrir valinu varð *Árni Gunnarsson* viðskiptafræðingur. Árni er 43 ára gamall, fyrrum framkvæmdastjóri *Stjórnunarfélagsins* og síðar *Fóðurbliðunnar*. Árni er nú framkvæmdastjóri *Rekstrarfélagsins Sólár hf.* og tók við því starfi þegar lánastofnanir tóku yfir rekstur *Sólár hf.* í fyrra. Árni mun hefja störf í bankanum 15. ágúst...

6. ágúst opna þrjár sýningar á KJARVALSSTÖÐUM:

Kristinn G. Harðarson, Sigurður Árni Sigurðsson og Kjarval




Það er margt á döfinni á *Kjarvalsstöðum* um þessar mundir. Laugardaginn 6. ágúst, klukkan 16:00, verða þar formlega opnaðar hvorki meira né minna en þrjár sýningar; það er á verkum *Kristins G. Harðarsonar* og *Sigurðar Árni Sigurðssonar* ásamt sumarsýningu á verkum *Jóhannesar Sveinssonar Kjarval*. Sýningarnar eru opnar daglega til 11. september frá klukkan 10 til 18. Hin rómaða kaffistofa *Kjarvalsstaða* er opin á sama tíma.

Í *Míðsal* verður sýning á verkum *Kristins G. Harðarson*. Hann hefur markað sér persónulegt svið með listsköpun sinni, sem umfram allt felst í því að taka hversdagslega viðfangsefni – oftast byggð á reynslu úr hinu daglega lífi – úr sínu upprunalega umhverfi og gefa þeim nýja og óvænta merkingu. Þótt verk hans séu oft fátækleg að efni og gerð búa þau ávallt yfir furðulegri ljóðrænu. *Kristinn G.* dvelst nú vestan hafs og hefur gert um nokkurt skeið.

Í *Vestursal* verður *Sigurður Árni Sigurðsson* með sýningu. Hann hefur verið búsettur í París undanfarin ár og hafa verk hans vakið athygli þar og víðar í Evrópu. *Sigurður Árni* sýnir málverk og teikningar. Meðal þeirra eru verk unnin út frá hugmyndum um almenningsgarða. Í verkum sínum byggir hann á náttúruformum en forðast rökhyggju náttúralismans.

Í *Austursal* verður sýning á verkum úr eigu *Kjarvals-safns*. *Jóhannes Sveinsson Kjarval* er óumdeilanlega einn helsti meistari Íslandinga á myndlistarsviðinu og skipa verk hans sérstakan sess í hugum þjóðarinnar. Hann fæddist á Efríey í Meðallandi árið 1885 og lést í Reykjavík árið 1972. *Kjarval* skildi eftir sig lífsstarf sem verður að telja einn af mikilvægari hlutum í menningararfi íslensku þjóðarinnar. *Kjarvalsstaðir* eiga mikið safn verka eftir listamanninn og stofninn af því er gjöf hans til Reykjavíkurborgar sem afhent var árið 1968. Síðan þá hafa fjölmargir einstaklingar gefið safninu ómetanleg verk og hafa þannig með velvilja sínum stuðlað að því, að halda minningu hins stórkostlega *Kjarvals* hátt á lofti á verðugan hátt. Sýningin verður að teljast einstakt tækifæri fyrir almenning til að skoða verk eftir meistaranum.



NJÓTUM NÁTTÚRUNNAR



Sýnum henni þá virðingu sem hún verðskuldar.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

AUGLÝSING UM INNLAUSNARVERÐ VERÐTRYGGÐRA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS

| FLOKKUR | INNLAUSNARTÍMABIL | INNLAUSNARVERÐ*) Á KR. 10.000,00 |
|------------|---------------------|----------------------------------|
| 1984-1.fl. | 01.08.94 - 01.02.94 | kr. 66.678,20 |

*) Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, og liggja þar jafnframt frammi nánari upplýsingar um skírteinin.

Reykjavík, júlí 1994.

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Vinningstölur miðvikudaginn: 27. júlí 1994

| VINNINGAR | FJÖLDI VINNINGA | UPPHÆÐ Á HVERN VINNING |
|------------------|-----------------|------------------------|
| 1. 6 af 6 | 4 | 47.572.500 |
| 2. 5 af 6 +bónus | 0 | 880.814 |
| 3. 5 af 6 | 8 | 86.508 |
| 4. 4 af 6 | 529 | 2.081 |
| 5. 3 af 6 +bónus | 2.080 | 227 |

Aðaltölur:

2 16 26

35 37 40

BÓNUSTÖLUR

8 11 27

Heildarupphæð þessa vikur:

193.435.887

á ísl.: 3.145.887

UPPLÝSINGAR, SÍMSVARI 01-68 15 11 LUKKULÍNA 99 10 00 - TEXTAVARP 451 BIRT MEB FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

1. Vinningur 1 fót til Noregs (2) og Svíþjóðar (2).

Alþýðublaðsmynd / Einar Ólason